

Skrá 37. Háttumál, svefnhættir, fótaferð

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS

37. spurningaskrá

Inngangur

Síðasta spurningaskrá Þjóðháttaeildar var um rúm og sængurfatnað. Hér er haldið áfram á sömu braut og spurt um svefn og rúm, tímamál frá háttumálum til fótaferðar, fjölþætt efni í lífsháttum, eigi síst í orðafari. Gengið er hér fram hjá miklum og merkum þætti svefnisins, draumum. Þeir hafa nokkuð komið við sögu í sumum fyrri spurningaskráum og líklegt er að sérstök spurningaskrá um drauma verði síðar send út. Í þessari skrá er til mestra muna miðað við þann tíma er meiri hluti þjóðarinnar bjó í sveitum, baðstofur voru á hverjum bæ og heimilin yfirleitt fjölmennari en nú gerist. Þess er að vænta að margir kunni góð skil á þeim aðstæðum sem um er fjallað í spurningaskránni. Hlutverk hennar er að hreyfa við minni manna og engan veginn eru spurningar hennar tæmandi. Því meira sem skrifað er um efnið í svörum, því betra fyrir fræðin.

Bænum lokað

Var það algild regla að læsa bænum undir nóttina í vökulok? Hver annaðist það (bóndinn t.d.)? Lýsið á hvern veg háttumál voru breytileg miðað við árstíma og störf fólksins. Voru börn látin háttu fyrr en fullorðið fólk? Hvernig var um það rætt er hæfilegt þótti að fara að háttu (mál að fara að háttu, draga sig í háttinn, láta rúmið geyma sig, fara að hypja sig í rúmið o.s.frv.)? Hvað nefndist athöfnin sjálf (að háttu, skríða í bólið, skríða í háttinn, fara að kúra, fara að lúra, klæða sig úr, afhýða sig, afklæða sig, tína af sér spjarinnar o.s.frv.)? Hvað nefndist það ef fólk háttuði venju fremur snemma (að gera sér langa nótt t.d.)?

Að háttu sig

Lögðu menn fót sín, sokka og skó frá sér eftir ákveðinni reglu er háttuð var? Hvar og hvernig? Voru skór t.d. alltaf lagðir þannig á gólfið að tær vísuðu fram? Kunna menn frá því að segja að það hafi átt að vera vörn gegn martröð eða möru? Var þess yfirleitt gætt að sofa ekki með sokka undir höfðalagi? Hvers vegna? Var það kallað að klæða sig úr gæfunni ef maður klæddi sig í einu lagi úr sokk og skó af sama fæti? Var hægt að klæða sig í gæfuna aftur? Er þetta þekkt sem gömul þjóðtrú? Var venjan áður að berháttu í rúm? Hést sú venja lengur hjá körlum en konum? Hvað nefndist það ef maður lagðist til svefnis í öllum fötum (að sofa í belgnum t.d.)?

Vita menn hvenær það lagðist niður að draga plögg af mönnum er háttuð var t.d. gestum?

Þjónustan

Var orðið þjónusta almennt notað um konu sem annaðist um ígangsföt, sokka og skó karlmanna? Lýsið þjónustubrögðum (störfum). Hafði hver karlmaður sína ákveðnu þjónustu þar sem vinnukonur voru fleiri en ein í heimili? Var það þá hlutverk hennar að hirða blaut eða gatslitin plögg að kvöldi, þvo, þurrka, gera við, mæla skó, brjóta sokka á hæl o.s.frv. og hafa tilbúið að morgni? Gegndi húsfreyja þá e.t.v. sama hlutverki fyrir bónda sinn? Hvernig var þessu háttuð þar sem færri fólk var í heimili? Fengu þjónustur gjöf frá þeim, er þær önnuðust um með þessum hætti, við eitthvert ákveðið tækifæri?

Rekkjunautar

Var það einna algengast að tveir svæfu saman í rúmi? Var ákveðið orð notað um þá er sváfu saman í rúmi (rekkjufélagar, lagsmenn, hjálúrur o.s.frv.)? Var talað um það að sofa andfætis

eða sofa upp í arminn eftir því hvort höfuð vissu að höfðalagi og fótagafla eða bæði að fótagafla, er sofið var af fleirum en einum í sama rúmi?

Skipt á rúmi og skipt um nærföt

Hve oft var að jafnaði skipt um rúmföt? Hvað nefndist það (setja hreint á, skipta á rúmi t.d.)? Hve oft skiptu menn um nærföt? Var venjan að gera það um leið og háttað var? Signdu menn sig er skipt var um nærföt og farið í nærhol? Þekktist sá siður enn, t.d. er móðir klæðir ungbarn?

Samtöl

Var algennt að heimilisfólk hefði uppi samræður eftir að háttað hafði verið á kvöldin og þá eigi síst ef næturgestur var í baðstofunni? Fór það e.t.v. eftir árstíma, t.d. fremur er háttað var í björtu á útmánuðum eða vori? Um hvað var þá helst rætt?

Að halla sér útaf

Hvað nefndist það er fjólk bjó sig til svefns (að halla sér á koddann, halla sér á vangann, leggjast til svefns o.s.frv.)? Hvað nefndist það er fólk var í hálfstíjandi stöðu í rúmi (að sitja upp við dogg t.d.)? Bauð fólk hvað öðru góðar stundir (góða nótt) undir svefninn?

Kvöldbænir

Segið frá kvöldbænum og þætti þeirra í lífi fólksins. Hve gömul voru börn að jafnaði er þau gátu farið með bænirnar sínar sjálf? Var e.t.v. við það miðað varðandi þroska og aldur barns? Lýsið hvernig móðir, faðir eða einhver heimilismaður kenndi börnum kvöld- og morgunbænir. Var venjan að byrja á því um líkt leyti og barnið var orðið altalandi? Voru það yfirleitt ákveðnar bænir (bænavers), auk signingar og Faðirvors, sem börnum voru kenndar? Var einnig við það miðað að bænirnar væru lesnar í ákveðinni röð? Höfðu börn sínar eigin aðferðir við að raða bænum sínum niður í vissa röð til flutnings? Var venjan sú að menn héldu þessu í föstu formi ævina út? Var um það að ræða að menn læsu bænir sínar í hálfum hljóðum eða jafnvel upphátt í rúmi sínu er iðkaðar voru. Nóg er að geta um upphöf ef um þekktar, prentaðar bænir eða bænarvers er að ræða. Hvað nefndist þessi þáttur í lífi fólksins (að fara með bænirnar sínar t.d.)?

Svefninn

Menn eru beðnir að gera grein fyrir orðafari varðandi svefnvenjur og svefnþörf manna eftir því hvort þeim hentaði betur svefn að kvöldi eða morgni, þurftu mikinn svefn eða lítinn, sváfu laust eða fast o.s.frv. (kvöldgóður, vökuskarfur, kvöldsvæfur, morgunsvæfur, morgungóður, morgunhani, svefnléttur, svefnpurka o.s.frv.). Getið fastra orðasambanda er að þessu lúta (geta ekki haldið sér uppi, draga ýsur, rota rjúpur, vakna með sólu, vakna með fuglunum, upp fyrir allar aldir o.s.frv.). Voru viss orðasambönd notuð um stuttan og e.t.v. lausan svefn (láta sér hverfa minni, láta detta úr sér, láta sér renna í brjóst t.d.)? Voru orðin hænuþundur og fuglsþundur notuð um slíkan svefn? Voru viss orð notuð um mjög fastan svefn (sofa eins og steinn, sofa eins og rotaður selur t.d.)? Greinið frá orðum er tjáðu skaplyndi fólks miðað við syfjur og svefnþörf (kvöldljúfur, kvöldgull, morgungull t.d.): Segir frá því hvernig svefnþörf (geispar) á vissum tímum sólarhringsins gat boðað t.d. gestkomu eða veðurbreytingu. Gat aðsókn gests einnig birst í andvöku?

Minnist orðasambanda er lúta að hátterni manna í svefni (fara illa í rúmi, liggja þröngt, láta illa í svefni o.s.frv.). Er hægt að greina frá fólki sem gekk í svefni eða segja sögur af því? Var nokkuð ráð til að varna því (vatnsílát við rúmstokk t.d.)? Skyldu menn varast að vekja mann er gekk í svefni. Var hart tekið á því "að svíkjast að sofandi manni"? Segið dæmi þess ef

menn töluðu eða sungu upp úr svefni eða jafnvel tóku í nefið o.þ.h. Þekktist það að menn nærðu sig á matarleifum frá kvöldinu áður milli dúra?

Fótaferð

Var orðið rismál notað um ákveðinn tíma morgunsins, ekki fótaferðina sjálfa? Var orðið fótaferð almennt notað um það að rísa úr rekkju? Segið frá fótaferð miðað við mismunandi árstíma og þau störf er að kölluðu á heimilinu. Hver fór fyrst á fætur og vakti fólk til starfa (húsbóndi, húsmóðir)? Var um það talað að vekja ætti sofandi mann með því að taka á fótum hans? Hvaða orðum var farið um mann sem erfitt átti með að ná sér úr rúmi að morgni (rúmlatur, rúmleti t.d.)? Var um það rætt að maður ætlaði að dægri ef hann reis seint út rekkju? Hvað var það nefnt ef maður vaknaði mjög snögglega og reis þegar upp (að vakna með andfælum t.d.)?

Voru föst orðasambönd notuð um það að rísa úr rekkju (að koma sér úr bólinu, klæða sig, tína á sig spjarirnar, kom sér í leppana, koma sér í fötin t.d.)? Átti eitthvað að ganga á móti ef maður "fór í hælinn á sokknum" er hann dró hann á sig? Var því almennt trúað að maður ætti ekki að villast ef hann klæddi sig í öfuga flík? Þekktist það frá eldri tíma að segja það við mann að hann hafi farið með vitlausa fótinn fram úr rúminu ef hann reynist úrillur er kemur fram á daginn? Lýsið á hvern hátt signing og bænagerð komu við fótaferð. Var það almennur siður að byrja hvern dag með því að fara út á stéttina, snúa sér móti austri, signa sig og ganga síðan inn til að bjóða fólki góðar stundir? Var talað um það að maður væri með nóttina í munninum þar til hann hafði nærst að morgni?

Vísur, málshættir

Skrifið tiltækar vísur, málshætti og annað er varðar rúm, svefn og svefnhætti fólks og enn er ekki komið fram í svörum.